


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 3		
ENSK3FV05		
Námsáætlun, haustönn 2019		

Kennari	Anna Berglind Pálmadóttir annaberglind@vma.is	Sk.st.	ABP
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing: Áfanginn er ætlaður nemendum á félags- og hugvísindabraut. Meginmarkmið áfangans er að auka og auðga orðaforða, efla skilning á grundvallarhugtökum félags- og hugvísinda, þjálfastur faglegra texta og skáldverka sem fjallað er um á fræðilegan hátt, hagnýta sérhæfðan orðaforða t.d. með ritun útdráttar, heimildaritgerða og kynninga. Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt og í hópum með fjölbreytt efni og margvísleg verkefni innan hugvísindanna.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- orðaforða, málstofnum, orðmyndun og öðru sem gerir nemanda kleift að tileinka sér lesefni sem tengist félags- og hugvísindum í áframhaldandi námi og starfi.
- ólíkum menningarheimum með áherslu á víðsýni, umburðarlyndi og gagnrýna hugsun t.d. varðandi lýðræði, mannréttindi, trú, kynhneigð, kynþátt og þjóðerni.
- því sem einkennir talað og ritað mál í félags- og hugvísindum.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- skilja sérhæfða texta á sviði félags- og hugvísinda.
- lesa sér til gagns almenna og krefjandi texta og vinna með þá.
- beita ritmáli í mismunandi tilgangi með stílbrigðum og málsniði sem á við, t.d. útdrætti, heimildaritgerðir og kynningar.
- hlusta á og taka þátt í fyrirlesturum, umræðum og rökræðum um fræðileg efni á sviði félags- og hugvísinda í þeim tilgangi að miðla til annarra.
- nota orðaforða félags- og hugvísinda til að tjá sig um margvísleg málefni.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér texta, umræður og rökræður um fræðileg málefni.
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýninn hátt.
- geta flutt vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, dregið fram aðalatriði og rökstutt mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og geta brugðist við spurningum.
- nota rithefðir sem eiga við í textasmíð hverju sinni.
- rökstyðja mál sitt í ræðu og riti.
- geta útskýrt flókna texta og nýtt faglegan orðaforða á lipran og skýran hátt í ritun og tali.
- geta metið og aflað heimilda eftir mismunandi leiðum s.s. af neti, bókasafni og öðrum upplýsingaveitum samkvæmt þeim venjum sem gilda um heimildavinnu.

Námsgögn: *English for the Social Sciences*, (hefti) - fæst á skrifstofu VMA.

The Kite Runner, Khaled Hosseini. 2003. - fæst í bókabúðum.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	ENSK3FV05	Námsáætlun, haustönn 2019

Áætlun um yfirferð:

	NÁMSEFNI	VERKEFNI/PRÓF
Lota 1	Upphaf annar, námsáætlun og áherslur kynntar. Farið yfir texta í hefti: <i>What is Sociology?</i> <i>Theories and words.</i> <i>Bullying.</i> <i>What is culture?</i> Kynningaverkefni um Afganistan	Orðaforðapróf 1. Kynningaverkefni um Afganistan.
Lota 2	Farið yfir texta í hefti: <i>The Dark Side of Psychology.</i> <i>An Introduction to the social sciences.</i> <i>Social anthropology and sociology.</i> Byrjað á <i>The Kite Runner</i>	Orðaforðapróf 2. <i>The Kite Runner</i> Spurningaverkefni tekin í hverri viku.
Lota 3	Farið yfir texta í hefti: <i>Defining culture.</i> <i>Women becoming men.</i> <i>Lara Croft.</i> Ritgerðarvinna. Haldið áfram með <i>The Kite Runner.</i>	Verkefni með textum. Orðaforðapróf 3. <i>The Kite Runner</i> : Spurningaverkefni tekin í hverri viku. Ritgerð skilað.
Lota 4	Farið yfir texta í hefti: <i>Avatar.</i> <i>You Can't Be Thin Enough.</i> <i>The Amish.</i> <i>The Virginia Tech Massacre.</i>	Verkefni með textum. Orðaforðapróf 4. Lokaverkefni úr <i>The Kite Runner</i>
Lota 5	Kynningaverkefni tengt sálfræði	Verkefni og kynning

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/vallö lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skáldsaga	Spurningaverkefni úr skáldsögu, 5 verkefni, 4 bestu gilda til einkunnar.	15%	
Skáldsaga	Lokaverkefni úr skáldsögu.	15%	
Kynningar	Kynningaverkefni um Afganistan (jafningjamat). Kynningaverkefni tengt sálfræði.	10%	
Orðaforðapróf	4 orðaforðapróf, 3 bestu gilda til einkunnar.	20%	
Ritgerð	Ritgerð um efni sem tengist félagsvísindum.	15%	
Munnlegt	Munnlegt próf (skáldsaga & orðaforði).	15%	
Samtals:		100%	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	ENSK3FV05	
	Námsáætlun, haustönn 2019	

Um verkefnaskil: Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladegi nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma, þá lækkar einkunn um hálfan (0,5) næstu fimm virku daga. Eftir það eru skil ekki heimil. Lágmarkseinkunn er 5. Verði nemandi uppvís að ritstuldi við gerð verkefna fær hann einkunnina 0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Dagsetning: 16. ágúst 2019

Anna B. Palmadóttir

Undirritun kennara

Kristín Palmadóttir 16. 8. 19

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

